

Fréttabréf Golfklúbbsins Hamars



Æfingatafla sumarið 2017

Hópur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Par 2. bekkur og yngri	Kl.13-14. Kirkjubrekuvöllur.		Kl.13-14:30. Arnarholtsvöllur.	Fríspil fyrir foreldra fram á velli með krökkunum.
Fugl 3. – 6. bekkur	Kl.14:30-16:30. Arnarholtsvöllur.	3-4.b er kl.12:30- 14:30. 5-6.b er kl.10-12. Arnarholtsvöllur.	Kl.14:30 mótarið GHD. Arnarholtsvöllur.	Fríspil fyrir foreldra fram á velli með krökkunum. Annars er líka spilæfing. Kl.10-12 fyrir 5-6.bekk. Kl.12:30-14:30 fyrir 3-4.bekk.
Örn 7. bekkur og eldri	Kl.10-12 er einkakennsla. 20- 30mín á hvern og einn. Allir mæta samt á sama tíma og leysa ákveðin verkefni fram að kennslu.	Kl.10-12 Arnarholtsvöllur.	Kl.14:30 mótarið GHD Það er einnig í boði fyrir þennan aldur að spila frá kl.10-12 í mótariðinni ef þau komast ekki kl.14:30.	Fríspil fyrir foreldra fram á velli með krökkunum. Annars er líka spilæfing Kl.10-12.

Æfingatafla sumarsins tekur gildi 12. júní

Viltu koma og prófa golf? Þau börn sem vilja koma og prófa golf mega mæta á æfingatíma síns aldurflokks. Þjálfarar félagsins munu sinna þeim sérstaklega og hjálpa þeim að ná tókum á undirstöðu atriðunum. Hægt er að fá lánaðar kylfur til að prófa.

Upplýsingar um félags-, vallar- og æfingagjöld má finna á heimasíðu klúbbsins sem er á veffanginu:
<http://www.ghdgolf.net>.

Heimsíða: <http://www.ghdgolf.net>

Facebook: <https://www.facebook.com/ghdgolf/>



Konu- og karlakovöld

Stór hluti félagsstarfs golfklúbbsins yfir sumartíman eru konu- og karlakovöld. Á þeim kvöldum hittist fólk, spilar golf á léttu nótnum og á skemmtilega kvöldstund. Á þessum kvöldum er gjarnan spilað leikfyrirkomulag sem hentar byrjendum vel. Þessi kvöld eru því tilvalin fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin í golfinu jafnt sem lengra komna. Þau eru líka góð leið til að komast inn í félagsskapinn sem fylgir golfinu. Karlakovöldin eru á þriðjudagskvöldum kl. 19. Karlarnir greiða 500 kr. í sjóð í hvert skipti sem síðan er notaður til að greiða fyrir lokaferð á einhvern völlum í nágrenninu að hausti. Konukvöldin eru á mánudagskvöldum kl. 18:30. Allir eru velkomnir á þessi konu- og karlakovöld og ekki er nauðsynlegt að vera félagi í klúbbum.

Frábær árangur í upphafi sumars

Fyrsta stigamót sumarsins á Íslandsbanka-mótaröðinni fór fram á Hellu helgina 26. – 28. maí. Afrekskylfingarnir Amanda Guðrún Bjarnadóttir og Arnór Snær Guðmundsson gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í sínum flokkum en þau keppa í flokki 17 – 18 ára. Amanda leiddi sinn flokk alla þrjá dagana en Arnór tryggði sér sigurinn með frábærri spilamennsku á lokadeginum.

Veigar Heiðarsson tók þátt í sínu fyrsta móti á mótaröðinni á Hellu og stóð sig vel.



Sumargjald

Hægt verður að greiða sumargjald 25.000 kr. Innifalið í því gjaldi er frjálst spil á vellinum og réttur til að taka þátt í Jónsmessumóti, Bændaglímu, karla og kvennakvöldum. Þeir sem greiða sumargjald fá hins vegar ekki skráða forgjöf og geta því ekki tekið þátt í opnum mótum skráðum á golf.is. Við hvetjum þá sem vilja prófa golf og þá sem hafa verið meðlimir áður, en þurfa ef til vill ekki fulla aðild, til að nýta sér þennan möguleika. Frjálst spil á góðu verði.

Foreldrar iðkenda athugið

Á fimmtudögum er ekki æfing undir leiðsögn þjálfara, en foreldrar æfingabarna mega spila völlum fram í dal með börnum sínum án þess að greiða fyrir það. Tímamörkin eru frá kl. 8-18 og það þarf að skrá sig í klúbbhúsinu áður en spil hefst. Það er von okkar að foreldrar nýti sér þetta og kynni sér þannig íþróttina sem börnin þeirra stunda.

Við minnum einnig á að öllum íbúum sveitarfélagsins er frjálst að spila á vellinum ofan við kirkjuna án greiðslu.

